

6. fundur stjórnar AP, starfsárið 2012-2013

haldinn að Garðarsbraut 5 á Húsavík þriðjudaginn 16. apríl 2013 kl. 09:00.

Mætt: Aðalsteinn Á. Baldursson, Björn Víkingur Björnsson, Friðrik Sigurðsson, Margrét Bjarnadóttir og Sigurgeir Höskuldsson. Einnig sat fundinn Reinhard Reynisson, framkvæmdastjóri, sem ritaði fundargerð.

Formaður, Sigurgeir Höskuldsson, setti fund og stjórnaði honum.

1. Ársreikningar 2012

a) Ársreikningur AP 2012

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir megin niðurstöðum reikningsins en heildartekjur félagsins voru kr. 33.776 þús. og heildarrekrargjöld kr. 34.100 þús. Fjármagnsliðir voru jákvæðir um kr. 1.046 þús. og rekstrarafgangur því kr. 722 þús. Eignir félagsins í árslok námu kr. 24.938 þús. og þar af var handbært fé kr. 14.810 þús. Skuldir og skuldbindingar námu kr. 23.338 þús. og eigið fé félagsins því kr. 1.600 þús.

Framkvæmdastjóri svaraði spurningum um einstaka liði reikninganna. Að umræðu lokinni lýsti stjórn ánægju með það jafnvægi sem náðst hefur í rekstri félagsins.

Reikningarnir samþykktir eins og þeir liggja fyrir.

b) Ársreikningar Vaxtarsamnings Norðausturlands 2011 og 2012

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir ársreikningum vaxtarsamnings vegna 2011 og 2012 sem endurskoðaðir eru af löggiltum endurskoðanda félagsins. Óráðstafaðir fjármunir samningsins eru við síðustu áramót kr. 50.990 þús. Þar af kr. 30.930 þús. í handbæru fé.

Að umræðu lokinni voru reikningarnir samþykktir.

2. Staðfesting á samstarfssamningi við Byggðastofnun

Stjórnin staðfestir endurnýjaðan samstarfssamning við Byggðastofnun sem gildir frá 1. janúar 2013 til 31. desember 2017. Samningurinn var undirritaður á ársfundi Byggðastofnunar 5. apríl sl. en áður höfðu stjórnarmenn samþykkt hann efnislega í gegnum tölvupóst.

3. Viðauki við Vaxtarsamning Norðausturlands 2012-2013

Atvinuvega- og nýsköpunarráðuneytið hefur ákveðið að gera viðauka við gildandi vaxtarsamninga sem fela það í sér að rekstraraðilum samninganna er heimilt að verja allt að 10% af framlagi ársins 2013 til skilgreindra verkefna við framkvæmd samningsins umfram það sem gert er ráð fyrir í 1. mgr. 6. gr. samningsins. Um er að ræða; a) uppbyggingu og eflingu klasasamstarfs og fræðslu á því sviði, b) mótun á áherslum fyrir þróunaráætlun næsta samningstímabils og c) árangursmat fyrri yfirstandandi samningstímabil.

Stjórnin samþykkir viðaukann eins og hann liggur fyrir.

4. Samstarf við Polar Institute of China (PRIC) og fl. um alþjóðlega norðurljósarannsóknarstöð í Reykjadal

Fyrir liggur erindi frá Arctic Portal ehf. f.h. undirbúningshóps um aðkomu félagsins að stofnun einkahlutafélags um kaup á jörðinni Kárhól í Reykjadal og uppbyggingu á rannsóknaraðstöðu. Gert er ráð fyrir að félagið yrði í eigu nokkurra íslenskra aðila, einkum opinberra, s.s. Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga, Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar, Norðurslóðanetsins, Þekkingarnets Þingeyinga og e.t.v. fleiri ásamt Arctic Portal ehf.

Gert er ráð fyrir því að PRIC fjármagni, á grundvelli samninga við hið óstofnaða félag, með beinum framlögum og leigugreiðslum, kaupverð jarðarinnar, nauðsynlega uppbyggingu og rekstur rannsóknarstöðvarinnar.

Málið hefur m.a. verið unnið í samstarfi við RANNÍS og gert er ráð fyrir samstarfi við íslenskar rannsóknar- og háskólastofnanir um rannsóknarstarfsemina. Þá hefur Þekkingarnet Þingeyinga haft það til skoðunar að koma að verkefninu þó ekki liggi fyrir með hvaða hætti það verður. Fram kom að framkvæmdastjóri hafi lauslega kynnt sveitarstjóra Þingeyjarsveitar málið eftir að erindið barst félaginu.

Málið rætt og stjórnarmenn sammála um að verkefnið sé áhugavert og að því geti falist sóknarfæri fyrir atvinnulíf og samfélag á svæðinu. Miklu máli skipti þó hvernig staðið verði að málum og mikilvægt að eignarhald og stjórnun félagsins verði með þeim hætti að tryggt verði að það geti staðið við skuldbindingar sínar og starfsemin verði í sátt við umhverfið, m.a. vegna skipulagsmála.

Framkvæmdastjóra falið umboð til að vinna að framgangi málsins útfrá þeim sjónarmiðum sem fram komu á fundinum og leggja niðurstöðurnar fyrir stjórn til afgreiðslu.

5. Aðalfundur 2013

Samþykkt að boða til aðalfundar félagsins fyrir árið 2012 þriðjudaginn 7. maí nk. kl. 14:00 í sal stéttarfélaganna að Garðarsbraut 26 á Húsavík.

Rætt um tilnefningar til Hvatningarverðlauna AP 2013 og samþykkt að stjórnarmenn leggi höfuðið í bleyti og komi sér saman um niðurstöðu sem bókuð verði á stjórnarfundum sem ráðgert er að halda að morgni aðalfundardags.

Samþykkt að efni málþings í tengslum við aðalfund verði um tækifæri svæðisins í eldsneytismálum. Framkvæmdastjóri hefur verið í sambandi við sérfræðinga Mannvits á þessu sviði og munu þeir verða með framsögu á málþinginu.

6. Önnur mál

- a) Framkvæmdastjóri kynnti vinnu vegna greiningar og samstarfsmótunar íslenska ferðaþjónustuklasans og gerði tillögu um aðild félagsins að starfinu í samstarfi við staðbundnar samstarfseiningar á svæðinu (Húsavíkurstofu, Mývatnsstofu, Norðurhjara,



AP-12/13-6

Ferðamálafróunarfélag Þingeyjarsveitar). Árlegu aðildargjaldi sem er kr. 80 þús. verði skipt þannig milli aðila að félagið beri helming á móti samstarfsaðilum.

Stjórn samþykkir aðild félagsins að starfinu á þessum forsendum.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 11:45